



Skattabreytingar – ýmsum spurningum ósvarað

Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Skattadagurinn, 16. janúar 2018

1

Áherslur atvinnulífsins

2

Horft um öxl – árið 2017

3

Skattabreytingar 2018

4

Nýjar áherslur í eftirliti RSK

Deloitte.





Skattamál
2017/2018



Áherslur atvinnulífsins

Áhersla nýrra stjórnvalda ætti að vera á frekari lækkun tryggingagjalds og einföldun skattkerfisins

Hverjar telur þú að áherslur nýrra stjórnvalda ættu að vera þegar kemur að skattkerfinu? (topp 5)*



*Merkja mátti við fleiri en einn valkost



Horft um öxl – árið 2017

Það eru helst þrjú atriði sem standa upp úr þegar horft er yfir sviðið árið 2017 – verkefni ársins 2018?



Ne bis in idem (ekki tvisvar fyrir það sama)

- Tveir dómur
 - Dómur MDE (Jóhannesson and others v. Iceland)
 - Dómur Hæstaréttar í máli nr. 283/2016 (Ákærvaldið gegn X)
- Afleiðingin er óvissa
 - Ófyrirsjáanlegt hvort mál lenda á borði RSK eða SRS
 - Erfitt að átta sig á því hvenær mál fela í sér tvöfalda málsmeðferð og hvenær ekki
 - Hlýtur að kalla á heildstæða endurskoðun á kerfinu.



Þunn eiginfjármögnun

- Breyting með lögum 59/2017
 - B-liður 3. mgr. 57. gr. b. fellur út (ekki lengur undanþága ef lánveitandi er innlendir)
 - Áhrif á lánveitingar innan samstæðu á Íslandi
 - Frestun á gildistöku til 1. janúar 2019.
- RSK virðist hafa tekið þá afstöðu að horfa eigi til brúttó vaxtagjalda en ekki nettó vaxtagjalda að teknu tilliti til vaxtatekna
 - Áhrifin eru skýr fyrir íslensk eignarhaldsfélög sem fá lán frá erlendum móðurfélögum til að lána áfram niður í rekstrarfélög
 - Slík félög fá vaxtatekjur frá rekstrarfélögunum og eru með sambærileg vaxtagjöld til erlenda móðurfélagsins
 - En reglurnar leiða til þess að eignarhaldsfélagið getur ekki nýtt vaxtagjöldin til frádráttar á móti vaxtatekjunum
 - Skattalega væri því hagkvæmara að fá fjármögnun hjá banka, í stað þess að móðurfélagið fjármagni rekstur samstæðunnar.




Hugmyndir um EES samsköttun í frumvarpi til laga nr. 59/2017



Skattabreytingar 2018

Breytingar voru gerðar á málsmeðferð varðandi skattalegt heimilisfesti

- Ríkisskattstjóri úrskurðar um skattalegt heimilisfesti manna og lögaðila
 - Óvissa hefur verið uppi um heimildir til að kæra niðurstöður RSK til æðra setts stjórnvalds
 - Fjallað um þetta álitaeefni í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 9174/2017.
- Lögunum því breytt nú þannig að úrskurðum RSK um skattalegt heimilisfesti megi skjóta til yfirskattanefndar frá 1. janúar 2018.



Fjármagnstekjuskattur var hækkaður í 22% en óljóst er hvernig endurskoðun skattstofnsins verður háttað

- Í frumvarpi til laga nr. 96/2017 er þessi breyting skýrð þannig:
 - Mikill munur sé á skattlagningu fjármagnstekna og launatekna
 - Munurinn á samanlögðum skatti á hagnað félags og úthlutaðan arð annars vegar og launatekna hins vegar hafi leitt til skattalegrar hagræðingar í formi tilfærslna á launatekjum yfir í rekstrarhagnað og arðgreiðslur hjá einkahlutafélögum.
 - Með hækkun fjármagnstekjuskatts í 22% verði samanlagður skattur á hagnað einkahlutafélags or úthlutaðan arð 37,6% sem sé 0,66% hærra en neðra þrepíð í tekjuskatti einstaklinga með útsvari.
- Samhliða hækkun á frítekjumarki í 150 þús. – gildir afturvirkir vegna vaxtatekna á árinu 2017.
- Í aðdraganda fjárlagafrumvarpsins var rætt um að endurskoða skattstofninn þannig að fjármagnstekjuskattur yrði lagður á raunávöxtun í stað nafnávöxtunar

01

Kvikur skattstofn

Hærrí skattur gæti dregið snögglega úr erlendri fjárfestingu hÉrlendis auk þess sem innlendir fjármagnseigendur gætu kosið að ávaxta fjármuni sína í öðrum hagkerfum.

02

Áhrif á sparnað

Of mikil hækkun fjármagnstekjuskatts getur grafið undan sparnaði í hagkerfinu og uppbyggingu fjármagnsstofna.


03

Verðbólguáhrif

fjármagnstekjuskattur er brúttóskattur og með aukinni verðbólgu er skattlagning á raunvexti verulega hærrí en sem nemur hlutfalli fjármagnstekjuskatts


Fjármagnstekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu hækkar – afdráttarskattur á vexti hækkar úr 10% í 12%, sem innlendir lántakar bera í raun á endanum

- Árið 2009 var lögfest ákvæði um takmarkaða skattskyldu erlendra aðila vegna vaxtatekna hér á landi. Upphaflega skattlagt í 18/20%.
 - Í frumvarpi til laga kom fram að tilgangur ákvæðisins væri að draga úr skattatapi vegna tekjuhliðrunar og undanskota.
 - Það sama og ákvæðum um takmörkun á vaxtafrádrætti (thin-cap) er ætlað að gera, sem voru þá ekki í gildi en eru nú.
- Með lögum árið 2011 var hlutfallið lækkað í 10%, en í frumvarpinu sagði m.a.:
 - „Jafnframt liggur fyrir að íslensk fyrirtæki eru í einhverjum mæli að taka á sig skattinn vegna ákvæða í lánasamningum sem tryggja lánveitanda vaxtatekjur án afdráttarskatta“.
 - Það sem er verið að lýsa hér er svokallað „gross-up“ ákvæði sem er „standard“ í flestum alþjóðlegum lánasamningum – erfitt fyrir lántaka að semja sig frá slíkum ákvæðum nema lántaki sé í óvenju góðri samningsstöðu.
- Tvísköttunarsamningar hafa áhrif á þetta – en það getur verið takmarkaður áhugi hjá lánveitanda á því að eltast við að senda inn RSK 5.42 til að fá staðfestingu á tvísköttunarundanþágu, ef lántaki tekur hvort sem er á sig kostnaðinn.
- Af framangreindu leiðir að þessi skattur kemur fyrst og fremst niður á innlendum aðilum, en er í raun ekki skattlagning á hinn erlenda aðila.



Ísland hefur undirritað fjölþjóðasamning gegn skattaundandrætti, sem mun hafa áhrif á alla tvísköttunarsamninga sem Ísland er aðili að

- OECD ríkin hafa frá árinu 2013 unnið að sameiginlegu verkefni sem almennt er vísað til semer kallað BEPS (Base Erosion and Profit Shifting - BEPS)
 - Hluti af BEPS er sameiginlegur samningur til að breyta ákvæðum tvísköttunarsamninga á þann hátt að aðilar geti ekki beitt þeim til skattasniðgöngu.
 - Á ensku er almennt talað um samninginn sem „Multilateral Instrument“ („MLI“) en á íslensku hefur þessi samningur verið kallaður fjölþjóðasamningur gegn skattaundandrætti.
- Með honum þurfa ríki einungis að undirrita og staðfesta einn sameiginlegan samning til að breyta samtímis þúsundum tvísköttunarsamningum.
 - Í dag eru yfir 70 ríki aðilar að samningum og til að byrja með nær hann til yfir 1.100 tvísköttunarsamninga, en yfir 3.000 tvísköttunarsamningar eru til í gildi í heiminum í dag.
- Auk þess að vera ætlað að koma í veg fyrir eða takmarka misnotkun á tvísköttunarsamningnum, þá er MLI er einnig ætlað að:
 - bæta úr ferli ágreiningsmála,
 - taka fastar á skilgreiningunni á fastri starfsstöð, og
 - takmarka tilvik þar sem aðilar nýta sér gagnsæ félagaform eða gerninga sem lúta mismunandi skattlagningu eftir ríkjum



Fjölmarginar aðrar breytingar voru að auki gerðar, sem hafa áhrif á árinu 2018 og sem vert er að nefna



1 >

Hækkun á kolefnisgjaldi um 50%.

Gjaldið er lagt á eldsneyti sem inniheldur kolefni af jarðefnauppruna, samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta. Var hækkað með lögum 2010, 2011 og aftur í upphafi árs 2017.



2 >

Niðurfelling virðisaukaskatts á rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðar

Heimildin til að fella niður VSK framlengd þar til búið er að skrá 10.000 bíla í hverjum flokki fyrir sig, þó ekki lengur en til ársloka 2020.



3 >

Álagning vörugjalds á bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum

Fer skv. undanþáguflokkki (0–30%) árið 2018 en ekki samkvæmt aðalflokkki (0–65%) eins og orðið hefði að óbreyttu. Hámarks ívilnun vörugjalds á slíkar bifreiðar verði 250.000 kr. árið 2018.



4 >

Ýmsir krónutöluskattar hækka

Eins og hefur viðgengst þá tóku gildi 1. janúar 2018 margvíslegar breytingar á ýmsum krónutölugjöldum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins, þ.m.t. olúgjaldi, almennu og sérstöku bensíngjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjaldi, bifreiðagjaldi og gjaldi af áfengi og tóbaki



Nýjar áherslur í eftirliti RSK

Milliverðlagning

Aukið eftirlit með milliverðlagningu

- „Nú hefur ríkisskattstjóri sett á laggirnar sérstakan fjögurra manna hóp sem ætlað er að hafa eftirlit með milliverðlagningu tengdra lögaðila yfir landamæri.“
- „Hlutverk hópsins er að skoða tiltæk gögn um viðskipti þessara aðila, áhættugreina og leggja mat á þau.“
- „Séu reikningsskil og skattskil ekki nægjanlega skýr mun hópurinn kalla eftir viðbótarskýringum [...] og ef þörf er talin á verður í kjölfarið kallað eftir þeim gögnum sem verða til við skjölunina.“
- „Komist hópurinn að rökstuddri niðurstöðu um að verð sé ekki í samræmi við það sem ætla mætti að væri eðlilegt í viðskiptum ótengdra aðila mun hópurinn hefja lögbundna málsmeðferð sem getur endað með gjaldabreytingu.“
- „Slík gjaldabreyting getur meðal annars haft í för með sér samninga við skattyfirvöld í öðru ríki.“

Ýmsum spurningum ósvarað

Ýmsum spurningum ósvarað

01

Ne bis in idem

Verður farið í heildarendurskoðun á kerfinu í kjölfar dóma MDE?

02

Þunn eiginfjármögnun

Er tilefni til að þessi ákvæðið taki til innlendra tengdra aðila?

03

EES samsköttun

Hver er staðan á þessu og hvernig verður útfærslan?

04

Skattstofn fjármagnstekjuskatts

Hvenær má búast við lagabreytingum sem tryggja skattlagningu raunávöxtunar?



Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.